



Alþingi - Iðnaðarnefnd
Sigrún Brynja Einarsdóttir
nefndarritari
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 10. desember 2001
Tilvísun: 2001110025

**Efni: Umsögn Orkustofnunar um frumvarp til laga um breytingar á vatnalögum
(þskj. 11 - 11. mál).**

Með frumvarpinu er lagt til að vatnalögum verði breytt í þá veru að "flutningur vatnsfalls með meira meðaltalsársrennsli en 4 rúmmetra á sekúndu úr fornum farvegi og yfir á annað vatnasvið [sé] ... aldrei heimill nema að fengnu samþykki Alþingis ..."

Samkvæmt núgildandi orkulögum (nr. 58/1967, með síðari breytingum) þarf leyfi Alþingis til að reisa og reka raforkuver stærra en 2000 kW (2 MW). Að mati Orkustofnunar getur Alþingi því fjallað um, og hafnað eftir atvikum, flutningi vatnsfalls á grundvelli núgildandi orkulaga.


Að auki má benda á að framkvæmdaáform þurfa lögbundna skipulagsmeðferð á a.m.k. tveimur skipulagsstigum og að endingu þarf mat á umhverfisáhrifum vegna flestallra virkjunarframkvæmda, þ.m.t. vatnaflutninga. Ef áformuð virkjun er það lítil, að ekki er skylt að láta fara fram mat á umhverfisáhrifum, þarf í flestum tilvikum að tilkynna framkvæmd til Skipulagsstofnunar, sem úrskurðar þar um. Að lokum þarf viðkomandi sveitarstjórn að gefa framkvæmdaleyfi.

Af ofansögðu má vera ljóst að núgildandi lög tryggja að rækilega er fjallað um allar hugsanlegar breytingar á vatnafari, sem eru tilefni téðs frumvarps, áður en framkvæmdaleyfi er gefið út.

Jafnframt vekur Orkustofnun athygli á því að á vegum ríkisstjórnarinnar er verið að leggja lokahönd á nýtt frumvarp til raforkulaga. Þar er m.a. fjallað um verkaskiptingu milli löggjafar- og framkvæmdavalds varðandi leyfi til virkjunar. Ennfremur er unnið að endurskoðun vatnalaga og sömuleiðis stendur fyrir dyrum að endurskoða lög um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu (nr. 57/1998), m.a. til að samræma fyrirkomulag á veitingu rannsóknar- og nýtingarleyfa vegna mismunandi auðlinda.

Niðurstaða: Með hliðsjón af ofansögðu telur Orkustofnun að téðum hugmyndum að breytingum á vatnalögum sé eðlilegast að vísa til ríkisstjórnarinnar vegna þeirrar endurskoðunar á lagabálkum, sem varða nýtingu vatnsauðlindarinnar, sem nú er unnið að, og vegna allsherjar samræmis í framkvæmd mismunandi laga sem varða framkvæmdir.

Virðingarfyllt

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Þorkell Helgason', written in a cursive style.

Þorkell Helgason
orkumálastjóri